

Og daginn eftir fór ég til borgarinnar, og hafði Móses og múlasmann til fylgdar, því Castró aftók það alveg, að ég færi einn.

Ég fór rakiðis til herbergja Jacobsens í nr. 98 í Rúa dó Ouvidór. Snorri var þar fyrir og tók á móti mér með miklum fögnuði. Um kvöldið kom Jacobsen heim frá vinnu sinni; kvaðst hann vera glaður að sjá mig svona frískan; hann var búinn að fréttu, hvað fyrir mig hafði komið í giliu. Eftir að við höfðum snætt kvöldverð, fórum við allir til leikhússins, þar sem Snorri starfaði (sem þjónn, en ekki leikari), og var ég þar hjá þeim vinunum bak við tjöldin, meðan verið var að leika stuttan gleðileik eftir *Lópe de Vega*. En um nóttina, þegar við komum heim aftur frá leikhúsinu, þá byrjaði Snorri fyrir fult og alt að segja mér allar þær fréttir, sem hann vissi að ég vildi heyra; og vöktum við alt fram undir dag.

„En hvað segir þú mér um Skúla?“ sagði ég, þegar Snorri var búinn að segja mér ýmislegt af sjálfum sér og Ólafi, og búinn að lesa mér tvö löng bréf, sem hann hafði nýlega fengið frá Íslandi. „Já, er Skúli í sama stað, og líður honum vel?“

„Hvað Skúla snertir,“ sagði Snorri, „þá hefi ég það að segja, að hann er týndur,“

„Týndur?“ sagði ég og starði á Snorra. Ég hélt, að hann væri að segja þetta í spaugi. En hann var ekki að spauga; hann var nú alt of alvarlegur til þess.

„Já, Skúli er bókstaflega horfinn og týndur,“ sagði Snorri; „og hamingjan má vita, hvort við fáum nokkurn tíma vitneskju um það, hvernig hann týndist.“

„Og hvenær vissuð þið að hann var horfinn?“

„Fjórum dögum fyrir jólin,“ sagði Snorri. „Eins og þú vissir, fór Skúli í vist til aðalsmanns í Petrópólís, stuttu áður en þú fórst til Pálmadals. Í Júlímánuði seint